

Föstudaginn 30. apríl 1993.

Nr. 160/1993. **Gunnar Smári Egilsson**
og Karl Th. Birgisson
 gegn
Jóhanni Jónasi Ingólfssyni.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. apríl 1993, sem barst réttinum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl sl., þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um, að stefndi leggi fram málskostnaðartryggingu samkvæmt b- lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómara gert „að úrskurða um, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar“, samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki skilað greinargerð.

Fallast ber á röksemdir héraðsdómara fyrir niðurstöðu sinni, og verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 6. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Á dómþingi 23. mars sl. þingfesti Jóhann Jónas Ingólfsson mál á hendur Gunnari Smára Egilssyni og Karli Th. Birgissyni og krafist þess, að ætluð ærumeiðandi ummæli í garð stefnanda, er birt hefðu verið í vikublaðinu Pressunni, yrðu dæmd dauð og ómerk. Í stefnunni eru til-

greind þau blöð, sem ætluð ummæli hafa birst í, og eru þau talin í fimm liðum.

Þá krefst stefnandi þess, að ómerkt verði sú heildarmynd, sem Pressan hafi gefið af stefnanda, er fram hafi komið á forsiðum, í fyrirsögnum, myndbirtingum og í greinum í fimm tölublöðum.

Þá er þess krafist, að stefndi Gunnar Smári verði dæmdur til refsingar fyrir ummæli og aðdróttanir, sem rakin eru í þremur liðum í stefnu.

Þess er krafist að auki, að Gunnar Smári verði dæmdur til refsingar fyrir brigsl í garð stefnanda án tilefnis, og eru þau tilgreind í tveimur liðum.

Stefnandi krefst þess, að Karl Thorberg verði dæmdur til refsingar fyrir æðumeiðandi ummæli, sem rakin eru í tveimur liðum.

Þá krefst stefnandi þess enn fremur, að Karl Thorberg verði dæmdur til refsingar fyrir að bregða stefnanda brigslum í Pressunni, og eru tilgreind tvö tilvik.

Stefnandi krefst þess, að stefndu, Gunnar og Karl, verði sæmdir in solidum til að greiða stefnanda miskabætur, að fjárhæð 3.000.000 kr., eða aðra fjárhæð að mati dómsins, en til vara er þess krafist, að hvor hinna stefndu verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur, að fjárhæð 1.500.000 kr. vegna þeirra ummæla, sem rakin eru í stefnu, og vegna meingerðar gagnvart stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 150.000 kr. eða aðra hæfilega fjárhæð að mati dómsins til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms í málinu í blöðum og öðrum fjölmiðlum.

Að lokum er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað honum að skaðlausu og með hliðsjón af virðisaukaskatti á lögmannsþjónustu. Til vara er þess krafist, að málskostnaði verði skipt á stefndu.

Við þingfestingu málsins kröfðust stefndu þess, að stefnanda yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, og vísuðu til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, þ. e. a. s., ef leiða megj líkur að því, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Stefndu lögðu fram gögn, sem sýndu, að gert hafði verið árangurslaust fjárnám hjá stefnanda.

Í vikublaðinu Pressunni hafa verið tíð greinaskrif um stefnanda ásamt myndbirtingum. Stefnandi telur, að hann hafi í þessum greinum sætt ærumeiðingu af hálfu stefndu. Í 133. gr. laga nr. 91/1991 er gert ráð fyrir, að stefndi geti krafist málskostnaðartryggingar, sé ljóst, að stefnandi sé af erlendu bergi brotinn eða ófær um greiðslu málskostnaðar, svo sem rakið er í a- og b-lið 1. mgr. nefndrar greinar. Í greinargerð með 133. gr., 1. mgr., kemur fram, að í b-lið sé um nýmæli að ræða gagnvart ógjaldfærum mönnum til þess að koma í veg fyrir það, að stefndi þyrfti að taka til varna

gegn tilefnislausri eða tilgangslítilli málsókn og verða fyrir útgjöldum af vörnum sínum, þótt fyrir fram væri sýnt, að vonlaust væri, að stefnandi gæti greitt honum þann málskostnað, sem hann yrði fyrirsjáanlega dæmdur til. Stefndu hafa að vísu sýnt fram á ógjaldfærni stefnanda, en við lestur greinargerðarinnar með 1. mgr. 133. gr. verður ekki séð, að það hafi verið hugsun löggjafans að aftra mönnum, sem telja, að á hlut sinn hafi verið gengið með einum eða öðrum hætti, frá því að geta varið hagsmuni sína með því að ætla þeim að leggja fram málskostnaðartryggingu. Aðstæður stefnanda eru þær, að honum er ókleift að leggja fram málskostnaðartryggingu. Verður að telja það andstætt lögum og mannréttindasáttmálum að fyrirmuna þeim, sem telja sig hafa orðið fyrir ærumeiðandi ummælum, að leita réttar síns, skorti þá fjármuni til að greiða málskostnaðartryggingu, og þykir fráleitt að telja, að það hafi verið ætlun löggjafans, þegar litið er til greinargerðar með b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Verður því eigi fallist á þá kröfu stefndu, að stefnanda verði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefndu, Gunnars Smára Egilssonar og Karls Th. Birgissonar, þess efnis, að stefnandi, Jóhann Jónas Ingólfsson, leggi fram málskostnaðartryggingu, er hafnað.
